VÍÐDIR OG ÞRENGINGAR

— Vilhjálmur Bergsson að Kjarvalsstöðum

Myndlist

AÐALSTEINN INGÓLFSSON



Um margra ára skeið hefur Vilhjálmur Bergsson haft algjöra sérstöðu meðal íslenskra myndlistarmanna fyrir sérstæðan skilning sinn á markmiðum og leiðum í málaralist. Í stað þess að vinda sér yfir í hreint afstrakt úr hinum myrku eldri myndum sínum, eða þá að hverfa aftur til hlutlægrar listar, hefur hann fundið sér hillu einhvers staðar þarna á milli. Í opnu rými sem lýsingarinnar vegna minnir á himingeiminn, svífa ýmiss konar fyrirbæri, annaðhvort geómetrísk: hnettir, strendingar, sívalningar, þríhyrningar, trapísur o.fl. eða þá frjálsari í forminu: belgir alls konar, dularfullir massar sem minna á strúktúr eyrans, ullarlagðar og svo ókennilegar árur. Þennan stíl kallar Vilhjálmur sjálfur ,,biótíska syntesu'' eða ,,samlífrænar víddir'' og segist hafa fundið hann upp á miðjum sjöunda áratugnum, samkvæmt því sem stendur í danskri sýningarskrá sem liggur frammi á sýningu Vilhjálms að Kjarvalsstöðum.

Liststefnur missa aðdráttarafl

Í skránni segir listamaðurinn ennfremur: ,,Fyrir rúmlega áratug síðan stóð ég frammi fyrir þeim vanda að liststefnur samtíðarinnar, sem ég áður var upptekinn af höfðu misst allt aðdráttarafl sitt hvað mig snerti. Súrrealisminn og afstrakt list höfðu komið sér upp fastmótuðum leikreglum sem ég hafði ekki áhuga á að fylgja lengur. Á því augnabliki breiddist ný Dadastefna, Popplistin svokallaða, á ógnarhraða um allan heim. En þegar mér skildist að hún mundi einnig ganga sér til húðar, sá ég að hún mundi ekki koma mér að gagni. Þær myndir sem ég var þá að mála voru myrkar og nær auðar, þar sem alls konar ógreinileg fyrirbæri teygðu sig móti ljósinu. Brátt fengu þau á sig fastari mynd og hinir ljósu og dökku fletir myndanna drógu sig saman og skiptust niður. Þetta var upphafið að því samspili ljóss og forma sem ég hef síðan fengist við. Loks skildist mér að samræma þyrfti hina ýmsu ,,isma'' nútímalistar og þá þyrfti að undirbyggja tæknilega. Um haustið 1967 fór ég til Spánar, þar sem Velazquez heillaði mig sérstaklega.

Ismum afneitað

Í samlífrænum víddum (biotisk syntese) eru formin bæði geómetrísk og lífræn. En þau hafa verið tekin úr því samhengi sem frumnkvöðlar nútímalistar settu þau í: lífræn form, súrrealísk, geómetrísk o.s.frv. Það er einfaldlega ekki nokkur leið að skipta litum og formum á básа á þennan hátt, hafi maður á annað borð löngun til að skilja þau lögmál sem að baki þeim liggja. Blæbrigðabreytingar lita og útlitsbreytingar forma gefa manni kost á að byggja upp lifandi, takmarkalausa myndveröld o.s.frv.'' (lausl. þýð. úr dönsku AI).

Svo mörg voru þau orð og er það út af fyrir sig lofsvert að íslenskur myndlistarmaður skuli gera sér far um að skýra þær forsendur sem hann leggur til grundvallar í list sinni. Ef ég skil Vilhjálm rétt (sem ég er engan veginn viss um) þá afneitar hann hinum ýmsu ,,ismum'' vegna þess að þeir hafa ekki tekist á við það sem hann telur vera meginhlutverk myndlistarmannsins: að kanna grunn málaralistar, eðli lita og forma. Ennfremur virðist hann telja sig hafa uppgötvað þá einu leið sem dugar til slíkra rannsókna, sambræðing sem auk þess tekur mið af klassískri ljósnotkun og málunartækni.

Gamla strangtrúin

Þó sé ég ekki betur en þetta sé gamla afstrakt strangtrúin endurborin. ,,Áður en segja má að mynd sýni hest, nakta konu eða einhvern atburð, verður maður að gera sér ljóst að hún er tvíviður flötur, þakinn litum sem raðað hefur verið niður á sinn hátt,'' sagði málarinn Maurice Denis fyrir tæpri öld og opnaði þar með leiðina fyrir þá sem töldu, eins og svo ótalmargir hafa gert fyrir daga Vilhjálms, að mynd ætti umfram allt að takast á við frum-forsendur sínar, formin og litina, — ef þetta tvennt verður þá aðskilið. Skulu þau viðhorf alls ekki löstuð enda hafa þau verið meiri háttar aflvaki í myndlist tuttugustu aldar.

Hvernig tekst Vilhjálmi svo til með sínar víddir? Ef við gefum okkur að það myndmál sem hann brúkar hafi nær engin takmörk, fremur en alheimurinn, þá virðist hann ekki nýta nema brot af því. Við sjáum kúlur eða sporöskjur, strendinga, sívalninga og síðan nokkur af þeim frjálslegu formum sem getið er hér í upphafi.



Vilhjálmur Bergsson — Málverk.

Vilhjálmur Bergsson á sýningu sinni að Kjarvalsstöðum. (DB-mynd, Einar)

Utanbókar

Sá hæfileiki Vilhjálms að magna upp stök, dularfull form og gefa þeim nær yfirskilvitlegan karakter hefur nú vikið fyrir einhvers konar þyrrkingslegu utanbókarstagli sem jaðrar við einræði. Formin eru endurtekin tilbreytingalítið og litaskalinn er takmarkaður við blá eða fjólublátóna, skærgrænt, ljósbrúnt, skarlatsrautt eða grátt. Ljós er yfirleitt notað á sama veg: sem eins konar útgeislun frá miðju eða jöðrum mynda, til að afmarka eða skerpa formin sem fljóta fremst í ljósvakanum. Einstöku tilbrigði eins og geómetrískar tengilínur eða myndir-innaní-myndum ná ekki heldur að vekja tilfinningalega svörun í þeim sem þetta skrifar. En á göngu minni um sýninguna var mér hins vegar tíðlitið til hinna myrku eldri mynda sem hver og ein virtust hafa til að bera þá vídd sem mestu máli skiptir þótt sveipaðar væru dulúð: hina manneskjulegu vídd.

- AI


Þjónusta Þjónusta Þjónusta

Viðtækjaþjónusta



Sjónvarpsviðgerðir
Heima eða á verkstæði.
Allar tegundir.
3ja mánaða ábyrgð.
Skjárinn, Bergstaðastræti 38.
Dag-, kvöld- og helgarsími 21940.

Sjónvarpsloftnet.
Loftnetsviðgerðir.



WISI
Skipaloftnet,
íslenzk framleiðsla.
Uppsetningar á sjónvarps- og útvarpsloftnetum.

ÚTVARPSVIRKJA MEISTARI

Öll vinna unnin af fagmönnum.
Árs ábyrgð á efni og vinnu.
SJÓNVARPSMIÐSTÖÐIN HF.,
Síðumúla 2, 105 Reykjavík.
Símar: 91-39090 verzlun — 91-39091 verkstæði.

Jarðvinna-vélaleiga

Véla- og tækjaleiga Ragnars Guðjónssonar, Skemmuvegi 34, símar 77620, heimasími 44508

Loftpressur	Slípirokkar	Beltavélar
Hrærivélar	Stingsagir	Hjólsagir
Hitablásarar	Heftibyssur	Steinskurðarvél
Vatnsdælur	Höggborvélar	Múrhamrar

Traktorsgrafa til leigu

Traktorsgrafa til leigu í stærri sem minni verk. Auðbert Högnason, sími 44752 og 42167.

Kjarnaborun!

Tökum úr steyptum veggjum fyrir hurðir, glugga, loftræstingu og ýmiss konar lagnir, 2", 3", 4", 5", 6", 7" borar. Hljóðlátt og ryklaust. Fjarlægum múrbrotið, önnumst ísetningar hurða og glugga ef óskað er, hvar sem er á landinu. Skjót og góð þjónusta.
KJARNBORUN SF.
Símar: 28204 — 33882.

Kjarnaborun
Borun fyrir gluggum, hurðum og pípulögnum 2"—3"—4"
Njáll Harðarson, vélaleiga
Sími 77770

LOFTPRESSU-LEIGA
TEK AÐ MÉR MÚRBROT, FLEYGANIR OG BORANIR. MARGRA ÁRA REYNSLA.
Vélaleiga HÞF. Sími 52422.

Traktorsgrafa til leigu

Traktorsgrafa til leigu í stærri sem minni verk.
Sími 72540.